


Vegleg afmælissýning opnuð klukkan 2 í dag

Nemendur Handíða- og myndlista-
skólans heiðra skólastjóra sinn sextugan

Í DAG kl. 2 e.h. verður opnuð í Handíða- og myndlistaskólanum sýning, sem haldin er til heiðurs skólastjóra skólans, Lúðvig Guðmundssyni, en hann átti sextugsafmæli 23. júní sl. — Lárus Sigurbjörnsson, formaður skólaféðrar Handíðaskólans, boðaði blaðamenn á fund sinn í gær og var þá verið að koma sýningar-munum fyrir í þremur, björtum og vistlegum skólastofum skólans. Sverrir Haraldsson, listmálari sem er kennari við skólann sér að mestu leyti um sýninguna, en honum til aðstoðar er yfirkennarinn, Sigurður Sigurðsson.



Teikning af gamalli konu
eftir Pétur Friðrik

YFIRGRIPSMIKIL SÝNING
Sýning þessi er mjög yfirgripsmikil. Meðal þátttakenda eru þessir listamenn:

Listmálarnir: Bragi Ásgeirsson, Eiríkur Smith, Einar Baldvinsson, Guðmundur Guðmundsson (Ferro), Hafsteinn Austmann, Hrólfur Sigurðsson, Hörður Ágústsson, Jóhannes Geir,

Karl Kvaran, Kjartan Guðjónsson, Pétur Friðrik, Sverrir Haraldsson og Veturliði Gunnarsson. — Myndhöggvararnir: Gerður Helgadóttir og Gestur Þorgríms-

son. — Myndsgerarnir: Jóhann Björnsson frá Húsavík og Sveinn Ólafsson. — Listiðnaðarkonurnar: Auður S. Laxness, Ásgerður E. Búadóttir, Sigrún Guðjónsdóttir, Sigrún Gunnlaugsdóttir, Sigrún Ólafsdóttir, Sigríður Björnsdóttir, Kristín Þorkelsdóttir, Kristín Jónsdóttir og Ásta Jónsdóttir. — Gullsmíðirnir: Ásdís Thoroddsen og Jens Guðjónsson.

Er þetta listafólk allt útskrifað frá Handíða- og myndlistaskólanum, og einnig taka þátt í sýningunni nemendur skólans frá sl. vetri og má þar nefna Gísli Björnsson, Flóka Nielsen, Steinunni Marteinsdóttur o.fl.

Þá eru á sýningunni munir eftir ýmsa aðra er stundað hafa náma á ýmsum námskeiðum skólans, m.a. í bókbandi, teiknum o. fl. greinum.

Og loks eru á sýningunni nokkrar myndir eftir börn.

MERKT BRAUTRYÐJANDA- STARF

Með sýningu þessari votta nemendur Handíða- og myndlistaskólans, skólastjóra sínum þökk og viðurkenningu, en Lúðvig Guðmundsson hefur unnið mikið og merkt brautryðjandastarf í þágu mennta á sviði verknaðs, listiðnaðar og æðri myndlistar hér á landi.

Frá því að skólinn var stofnaður árið 1939 til 1957 hafa nál. 4500 nemendur sótt skólann.

Á sl. ári voru stofnaðar tvær nýjar deildir, listiðnaðardeild kvenna og kennsludeild hagnýtrar myndlistar.

Á sýningunni kennir margra grasa, þar eru m.a. olíumálverk, vatnslitamyndir, Gouachemyndir, klippmyndir, steinprent, sálprikmyndir, lágmyndir, mosaikmyndir og gluggi, höggmyndir úr járn og vírmýndir, keramik, listvefnaður, útsaumur, tauþrykk, batik, silfursmíði, bókband, leður-, og bast- og tágavina o. fl.

Jón Sveinsson fyrrv. bæjarstjóri látinn



Í FYRRAKVÖLD varð Jón Sveinsson, fyrrv. bæjarstjóri á Akureyri, bráðkvaddur hér í Reykjavík, þar sem hann var á ferð.

Jón Sveinsson fæddist á Árnastöðum í Loðmundarfirði árið 1889. Hann varð stúdent 1914 og lagaprófi lauk hann 1919. Bæjarstjóri á Akureyri varð hann sama ár og gegndi því starfi til ársins 1934, fimm sinnum endurkosinn. Hann dvaldist erlendis 1924—25, í Danmörku aðallega, og lagði stund á skatta- og sveitarstjórnarlöggjöf. Hann starfaði fyrir ríkisstjórnina að undirbúningi útsvarslaganna. Árið 1942 var hann skipaður rannsóknardómari í skattamálum.

Jón var mikill íþróttamaður á yngri árum sínum, og einn af kunnustu og bestu metnu borgurum Akureyrar allt frá því að hann kom þangað ungur bæjarstjóri.

Akranesi, 19. júlí:
TOGARINN Bjarni Ólafsson kemur hingað á sunnudagmorgun frá V-Grænlandi með fullfermi af karfa. — Oddur.

STAKSTEINAR

Fimm-falt fleiri leyfi

Lengi vel ætlaði Lúðvík Jósefsson að láta „humar-veiða“-hneykslið gleymast í þögninni. — Þjóðviljinn þagði um málið, þang að til viku eftir, að ráðherrann hafði neyðst til að afturkalla leyfin, og sjálfur lét hann alls ekki í sér heyra um málið. Nú er þó svo að honum kreppt, að hann hefur orðið að gefa opinbera tilkynningu um það. Sve langt sem hún nær staðfestir hún í öllu frásögn og áskanir Morgunblaðsins.

Í skýrslunni segir m.a.: „Undanfarnir ár hefur ráðherra notað fyrrgreinda heimild og 4 leyfi veitt 1953, 12 leyfi 1954, 12 leyfi 1955 og 8 leyfi 1956.“

Hér er því sleppt, að aldrei kom upp grunsemd um það, hvað þá meira, að þessi leyfi, sem Ólafur Thors veitti, væru misnotuð. En þegar Lúðvík Jósefsson tók við varð annar bragur á. Í skýrslunni segir:

„Alls hafa verið á þessu ári veitt 41 leyfi, þar af 30 til Vestmannaeyja.“

Þarna kemur fram, að Lúðvík leyfir strax á fyrsta ári meira en fimm-falt fleiri leyfi en Ólafur Thors hafði gert árin áður.

Fiskifélagið sýknt saka

Skýrsla Lúðvíks Jósefssonar staðfestir í einu og öllu þann skort á karlmennsku hjá ráðherranum, sem Morgunblaðið hafði bent á. Hann reynir á allan veg að skjóta sjálfum sér undan ábyrgð á verkum sínum og koma henni yfir á Fiskifélagið. — Um þetta segir m.a. í skýrslunni:

„Í leyfisbréfum þeim, er ráðuneytið hefur gefið út, hefur verið tekið fram, hverjum skilyrðum leyfin séu bundin og er eitt þeirra, að Fiskifélagið Íslands sé send skýrsla um veiðarnar til þess að hægt sé að fylgjast með því, hvort leyfin séu misnotuð.“

Ennfremur segir: „Aflaskýrslur bátanna fyrir júní mánuð bárust Fiskifélaginu í byrjun júlímánaðar og ráðuneytinu barst skýrsla Fiskifélagsins, dags. 9. júlí s.l. Aflaskýrslur bátanna báru með sér, að 28 bátar höfðu misnotað leyfið að meira eða minna leyti.“

Af þessu er greinilegt, að Fiskifélagið hefur ekkert af sér brotið. Það aðvarar ráðherrann strax og það fær ástæðu til.

Sekt Lúðvíks

Lúðvík Jósefsson gleymir að geta þess, að Fiskifélagið hefur auðvitað hvorki löggæzluvald né heimild til leyfisviptingar. Dómsmálastjórninni ber vitanlega að sjá um að lögum sé framfylgt og í þessum efnum hvíldi sérstök skylda á sjávarútvegsmálaráðherranum. En Lúðvík lætur undan fallast að geta þess, að búið var að aðvara hann áður en skýrsla Fiskifélagsins kom til um misnotkun leyfanna. Hann skýrti þeim aðvörðunum engu heldur fór sínu fram. Leyfishafarnir héldu því, að þeir væru í fullu samræmi við vilja ráðherrans, þegar þeir stunduðu lögbrot sín. Þeir vissu, að hann vissi um þau og hafði ekki að.

Það var ekki fyrr en málið var orðið opinbert hneykslismál, að ráðherrann hófst handa. Ráðherrann segir nú:

„Þar sem þessir bátar höfðu brotið skilyrði leyfanna, með því að nota leyfi til humarveiða til þess að stunda aðrar fiskveiðar, vipti ráðuneytið þá leyfum þann 9. júlí s.l.“

Ráðherrann hafði vitneskju um gbrotin löngu fyrr. En 10. júlí ar búið að taka málið upp í Reykjavíkurbliðunum og opinberannsókn varð ekki lengur umfin. Þá fyrst gagnaði Lúðvík Jósefsson.

Vel heppnuð för Sinfóníuhljómsveitarinnar um Norður- og Austurland

Undirtektir áheyrenda eins og best varð á kosið

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT Íslands er nú nýlega komin til Reykjavíkur eftir að hafa farið í tónleikaför um Norður- og Austurland. Á Austfjörðum dvaldist hljómsveitin dagana 10. til 14. júlí. Voru tónleikar haldnir daglega en hljómsveitin hafði bæki-stöð í skólahúsinu að Eiðum. Skýrði Jón Þórarinnsson fréttamönnum frá förinni í gær.

Fyrstu tónleikarnir fyrir austan voru í félagsheimilinu Valhöll á Eskifirði miðvikud. 10. júlí. Stjórnandi var dr. Páll Ísólfsen, en einsöngvari Þorsteinn Hannesson.

Fimmtudagskvöldið 11. júlí voru haldnir tónleikar í félagsheimilinu Herðubreið á Seyðisfirði. Stjórnandi og einsöngvari voru hinir sömu og á Eskifirði.

Í Neskaupstað voru tónleikar haldnir föstudagskvöldið 12. júlí í barnaskólanum. Stjórnandi var dr. Páll Ísólfsen en einsöngvari Kristinn Hallsson.

Laugardagskvöldið 13. júlí voru tónleikar í samkomuskálanum í Vémörk í Egilsstaðaskógi. Stjórnandi dr. Páll Ísólfsen og einsöngvari Þorsteinn Hannesson.

Síðustu tónleikar hljómsveitarinnar í þessari för voru haldnir í félagsheimilinu Mánagarði í Hornafirði sunnudagskvöldið 14. júlí. Stjórnandi var Paul Pam-pichler og einsöngvari Kristinn Hallsson.

GÓÐAR MÓTTÖKUR

Alls staðar þar, sem Sinfóníuhljómsv. kom voru viðtökur mjög glæsilegar. Hreppsnefndir og bæjarstjórnir gerðu sér far um

að taka sem best á móti hljómsveitarfólkinu og voru þeim hvar vetna haldin gildi og þökkur koman. Alls staðar voru ræður fluttar við þessi tækifæri. Flest félagsheimili voru lánuð endurgjaldslaut til tónleikahaldsins og undirtektir áheyrenda svo sem best varð á kosið.

Forseti Íslands á Snæfellsnesi



Forsetahjónin gengu á Helgafell um síðustu helgi er þau fóru í heimsókn í Snæfells- og Hnappadalssýslu. Myndin er tekin á fellinu og sér til austurs til Hvammsfjarðar og Breiðafjarðareyja.

Forseta Íslands færðar gjafir

ÞEGAR forseti Íslands og frú hans heimsóttu vörusýningar landanna þriggja í annað sinn í vikunni sem leið, færðu forstjórnar sýningardeildanna þeim ýmsar gjafir.

Forstöðumaður Tékkra afhenti þeim hjónum mjög fallegan kristal-vasa, en eins og kunnugt er og sýningarmunirnir þera vottum, standa Tékkar framar öðrum þjóðum í framleiðslu á handslíp- uðum kristal-vörum.

Þá var þeim gefin forláta myndavél af sýningarstjóra Þjóð-

verja og gildir sama um það að á sviði framleiðslu þeirra standa Austur-Þjóðverjar fremstir í heimi.

Loks fengu þau að gjöf frá sýningardeild Rúmena fallega handhnýtta gólfábreiðu.

Verndurum sýningarinnar, viðskiptamálaráðherra og borgarstjóra, voru einnig færðar vand- aðar gjafir í vináttu og þakkar- skyni frá öllum hinum þremur þjóðum. (Fréttatilkynning frá Kaupstefnu- unni)



Forsetaveizlan í Stykkishólmi